

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. mars 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir Kaffistofu Samhjálp

Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti leiða til að finna Kaffistofu Samhjálp húsnæði við hæfi á heppilegum stað í borginni. Þegar slíkt húsnæði finnst verði jafnframt gerður samningur um að borgin styðji fjárhagslega við rekstur kaffistofunnar.

Greinargerð:

Fyrirætlanir eru uppi um að flytja Kaffistofu Samhjálp að Grensásvegi 46. Hefur sú staðsetning verið harðlega gagnrýnd af íbúum og rekstraraðilum í næsta nágrenni við húsnæðið. Ólíklegt er að sátt náist um þessa staðsetningu eins og skýrlega kom fram á fjölmönnum íbúafundi í Réttarholtsskóla, 4. febrúar 2026.

Kaffistofa Samhjálp hefur verið starfrækt frá árinu 1981 og var hún fyrst til húsa við Hverfisgötu en síðan við Borgartún. Að undanfögnu hefur kaffistofan verið starfrækt til bráðabirgða við Hátún 2, á jarðhæð Filadelfíu-kirkju, en fyrirhugað er að flytja hana að Grensásvegi eins og fyrr segir.

Kaffistofa Samhjálp gegnir afar mikilvægu hlutverki fyrir fólk í neyð, sem hefur ekki tök á að sjá sjálfu sér fyrir mat. Kaffistofan er því mikilvægur hlekkur í velferðarþjónustu og ber Reykjavíkurborg að styðja við slíka starfsemi. Í því skyni að tryggja sem mestan frið um starfsemina er lagt til að borgin leiti leiða til að finna henni heppilegri stað en nú er stefnt að. Æskilegt er að fyrst verði skoðað hvort borgin hafi sjálf yfir húsnæði að ráða, sem gæti hentað undir starfsemina. Að öðrum kosti verði skoðað hvort hægt sé að leigja eða kaupa húsnæði í þessu skyni.

Á árunum 2022-2024 fékk Samhjálp fjárhagsstuðning frá Reykjavíkurborg, að fjárhæð tíu milljónir króna árlega, samkvæmt sérstökum þjónustusamningi. Þessi þjónustusamningur hefur ekki verið endurnýjaður en rétt væri að gera það.

Undanfarin tvö ár styrktu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu Samhjálp vegna lengdrar opnunar kaffistofunnar, að upphæð 12,5 milljónir króna en þar af nam hlutur Reykjavíkurborgar sjö milljónum. Æskilegt er að þessi samningur verði einnig endurnýjaður enda hefur ekkert rof orðið á þeirri þjónustu, sem veitt er í Kaffistofu Samhjálp þótt hún hafi verið á hrakhólum undanfarna mánuði og sé nú í húsnæði til bráðabirgða.